

Mýrdalshreppur  
b/t George Frumuselu  
Skipulags- og byggingafulltrúi  
Austurvegi 17  
870 Vík, Mýrdal

Reykjavík 29. mars 2019  
UST201903-221/J.S.J.  
10.03

### **Efni: Mat á umhverfisáhrifum –Matskyldufyrirspurn - Skógræktaráform í landi Hvals 1**

Vísað er í erindi Skipulags- og byggingafulltrúa Mýrdalshrepps, dags. 22. mars sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar varðandi áform um skógrækt í landi Hvals 1.

#### **Framkvæmdalýsing**

Fram kemur í greinargerð framkvæmdaaðila að framkvæmdin felí í sér nýskógrækt á um 93 ha svæði sem áður hefur verið nýtt til beitar. Fyrirhugað ræktunarsvæði er í um 35 – 50 m hæð yfir sjávarmáli og einkennist gróður af mýrargróðri, mólendisgróðri og rýri mosabembu.

Fyrirhugað er að hefja gróðursetningu í breið skjólsvæði við jaðar svæðisins austan-, norðan- og vestan megin. Valdar yrðu lauftegundur trjáa og runna eins og birki, eir, ösp og víðitegundur, en í frjósamari hluta svæðisins yrði greni og ösp gróðursett sem aðaltegundir.

#### **Gróðurfar**

Fram kemur í greinargerð um fyrirhugað skógræktarsvæði að „*tæplega helmingur landsins einkennist af mýrargróðri og mólendisgróðri*“. Umhverfisstofnun bendir á að skv. vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar (NÍ, <http://vistgerdakort.ni.is/>) er innan skipulagðs skógræktarreita vistgerðir sem hafa hátt og mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Þetta eru gras- og votlendisvistgerðir líkt og língresis- og vingulsvist og starungsmýravist.

Ekki er gerð nægjanlega vel grein fyrir þessum vistgerðum né áhrifum sem skógrætaráform mun hafa á þær í greinargerð að mati Umhverfisstofnunar.

#### **Fuglalíf**

Umhverfisstofnun bendir á að í ofangreindum vistgerðum er oft að finna ríkt fuglalíf og búsvæði fuglategunda sem eru ábyrgðartegundir Íslands. Því leggur Umhverfisstofnun

áherslu á mikilvægi þess að búsvæðum fuglanna verði ekki raskað. Innan starungsmýrarvistar eru t.a.m. búsvæði lóupræls (*Calidris alpina*), spóa (*Numenius phaeopus*), jaðrakans (*Limosa limosa*) og stelks (*Tringa totanus*), en allt eru þetta ábyrgðartegundir.

Í skýrslu NÍ frá árinu 2012 er nefnist „*Vöktun íslenskra fuglastofna - Forgangsroðun tegunda og tillögur að vöktun*“ eftir Guðmund A. Guðmundsson og Kristinn Hauk Skarphéðinsson segir m.a. að talað er um ábyrgðartegundir einstakra landa ef stór hluti einhvers dýrastofns byggir afkomu sína á tilteknum svæðum innan einstakra þjóðríkja. Þetta er vegna þess að innan þeirra ríkja finnast vistir sem henta þeim fuglum en eru sjaldgæfar á heimsvísu. Einnig segir í skýrslunni að Íslendingar bera mikla ábyrgð á mörgum stofnum fugla, sem annað hvort verpa hér í óvenju ríkum mæli eða þá að stór hluti viðkomandi stofns fer hér um á ferðum sínum vor og haust. Miðað er við að um 20% af Evrópustofni viðkomandi tegundar nýti Ísland til varps eða komi hér við á ferðum sínum svo að tegund flokkist sem ábyrgðartegund.

Við skógrækt verður til annarskonar búsvæði sem aðrar fuglategundir kunna að nýta sér, líkt og ýmsar spörfuglategundir, en Umhverfisstofnun bendir á að þessar tegundir fugla eru ekki ábyrgðartegundir Íslands.

Ekki er gert nægjanleg grein fyrir áhrifum fyrirbyggjandi skógrætar á svæðið og hvort sé um að ræða svæði sem getur talist búsvæði fugla sem eru ábyrgðartegundir að mati Umhverfisstofnunar.

### **C-flokkur framkvæmda**

Í 11. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum er tekið fram hvaða gögn þurfa að fylgja með tilkynningu framkvæmda í flokki B og C eftir því sem við á, að teknu tilliti til eðlis og umfangs framkvæmdar. Þar sem um er að ræða 93 ha flatlent svæði í nálægð við Mýrdalsjökul og Katla Geopark, þar sem er umtalsvert magn af vistgerðum sem hafa mjög hátt verndargildi, telur Umhverfisstofnun að eðli og umfang framkvæmdarinnar sé til þess fallið að vanda þurfi til við tilkynningu til mats á umhverfisáhrifum hennar. Þá er það mat stofnunarinnar að e) lið 11. greinar hafi ekki verið fullnægt í gögnum umræddrar tilkynningar sem segir að fram skuli koma: „*lýsing á hvaða þættir framkvæmdar og/eða rekstrar valda helst áhrifum á umhverfið, sbr. 3. tl. 2. viðauka, upplýsingar um fyrirbyggjandi álit umsagnaraðila og annarra eftir eðli máls sem framkvæmdaraðili kann að hafa leitað eftir.*“ Önnur umhverfisáhrif

Landslag svæðisins einkennist af flatlendi og söndum þar sem uppúr standa há fjöll (Pétursey, Búrfell) og svo Mýrdalsjökull til norður af þjóðveginum. Mun áformað skóglendi skera sig út þessu landslagi á mjög afmörkuðu svæði og verða af því sjónræn áhrif.

Almennt séð telur Umhverfisstofnun mikilvægt að við val á landi undir skógrækt séu þau svæði sem áætlað er að rækta á greind og landsvæði sem henta til skógræktar skilgreind, áður en ráðist er í stórfellda skógrækt. Búið er að greina þær vistgerðir sem finnast á svæðinu með áðurnefndu vistgerðakoti NÍ. Hins vegar er þörf á að greina landslagsgerðir sem finnast á þeim svæðum sem áætlað er að gróðursetja á þannig öruggt sé að það land henti vel til skógræktar og gangi ekki á önnur mikilvæg vistkerfi eða jarðmyndanir.

Fyrirhugað ræktunarsvæði mun þegar fram í sækir mynda hryningslaga ræktunarsvæði, þar sem skörp skil verða á milli þess svæðis sem stendur til að rækta og þess svæðis sem umhverfis er. Sýnileikinn verði þeim mun meiri, því fyrirhugað svæði liggur að Þjóðvegi 1. og er á allstóru flatlendi á Suðurlandi þar sem engin sambærileg ræktun á sér stað. Umhverfisstofnun telur slíkar beinar línur skógræktar rjúfa landslagsheild og muni hafa veruleg áhrif á ásýnd svæðisins.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 70. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum. Umhverfisstofnun telur miklívægt að huga að sjónrænum áhrifum skógræktar, þannig ekki vaxi upp ferningslaga ræktunarsvæði.


Notkun innfluttra tegunda ætti að vera með þeim hætti að hún ógni ekki náttúrulegum vistkerfum og taki til fjölpættra landnýtingasjónarmiða og líffræðilegs fjölbreytileika. Leggja ætti áherslu á að nýta innlendar tegundir trjáa við skógrækt og endurheimt náttúruskóga að mati Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun telur að við ræktun skóga á landsvæði líkt og er í landi Hvals 1 ber að sækja ráðgjöf vistfræðinga Náttúrustofu Suðurlands (nattsa.is) eða NÍ til að tryggja að tekið sé tillit til ofangreindra sjónarmiða við skipulag skógræktar.

#### **Niðurstaða**

Að mati Umhverfisstofnunar er þeim þáttum framkvæmdar og/eða rekstrar sem valda helst áhrifum á umhverfið ekki nægilega vel lýst. Skógræktin mun hafa áhrif ásýnd svæðis og landslagsheild, á vistgerðir sem hafa hátt og mjög hátt verndargildi auk möguleg áhrif á lífríki sem nýtir þær vistir í dag líkt og fuglar, þ.a.m. ábyrgðartegundir Íslands.

Með vísan í framangreint telur Umhverfisstofnun að ekki hafi verið sýnt fram á umhverfisáhrif framkvæmdar á fullnægjandi hátt í gögnum tilkynningar og kallar stofnunin eftir frekari gögnum, og viðbrögðum við ofangreindum atriðum, til að geta tekið afstöðu til matsskyldu framkvæmdarinnar og hvort hún sé líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.



Jón Smári Jónsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur